



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Rauðaborg

2024 – 2025



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	5
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	9
4 Innra mat deilda .....	10
<b>4.1</b> Innra mat Lauf.....	10
4.2 Innra mat Lyng .....	13
4.3 Innra mat Hreiður .....	15
5 Innra mat sérkennslu.....	18
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	22
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	24
8 Foreldrasamvinna .....	26
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	26
10 Fylgiskjöl .....	27
10.1 Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs.....	28
10.2 Fylgiskjal - Leikskóladagatal .....	29
10.3 Fylgiskjal - Móttaka nýliða.....	30
10.4 Fylgiskjal – Lýsi með morgunmat.....	32



## Leiðarljós leikskólans

Einkunnarorð Rauðaborgar er gleði, virðing, sjálfsefning og þau eru okkar leiðarljós í starfinu hér eftir sem hingað til.

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2023-2024 fór vel af stað. Óvenju mörg ný börn hófu ná í leikskólanum, eða alls 22, sem er talsvert meiri fjöldi en undanfarin haust. Einungis einn nýr starfsmaður tók til starfa í Rauðaborg, en þegar líða tók á haustið var ljóst að við þyrftum að bæta í hópinn okkar og bættust tveir nýir starfsmenn til viðbótar í hópinn okkar seinna. Sá starfsmannahópur sem var starfandi frá því í október er að mestu sá sami ennþá.

Mikið var um skammtímaveikindi strax s.l. haust og í nóvember og af og til fram í apríl þurfti að beita skerðingu vegna fáliðunar. Foreldrar hafa nánast undantekningalaust tekið þessum skerðingum á vistun vel, og hafa brugðist vel við þegar við höfum beðið um að sækja snemma eða loka deildum.

Á einni deildinni var deildarstjóri í fæðingarorlofi fram í mars 2024 og leystu hana af tveir innanhússkennarar sem gerðu það með miklum ágætum. Á annarri deild fór deildarstjóri í langtímaveikindi í febrúar og afleysing innan húss tók við stöðunni tímabundið. Veturinn einkenndist þannig talsvert af því að fylla í skörð þeirra sem ekki voru í vinnu til langs tíma, en allt gekk upp, þótt við höfum fundið að það skapar óróa hjá börnum, foreldrum og starfsfólki þegar sífelld þarf að vera að finna lausnir á því hvernig mannauðurinn nýtist sem best.

Skipulagt starf hélst að mestu leyti eins og lagt var upp með. Við lögðum þó frekar áherslu á að nýta dagana í að börn og starfsfólk gæti notið daganna eins vel og hægt var miðað við aðstæður í staðinn fyrir að finnast að við værum að „sleppa“ einhverjum þáttum eða að börnin væru að „missa af“.

Skipulagt starf í Rauðaborg hefur farið fram fyrir hádegi og að loknum hádegisverði og rólegum stundum hefur verið flæði inni og úti, sem hefði þó mátt ganga betur, sérstaklega á elstu deildinni, þar sem börnin eru mjög sjálfstæð í að taka ákvarðanir um hvað þau vilja gera hverju sinni.

Næsta vetur verður unnið áfram með félagsfærni og sjálfstæði en við ætlum líka að leggja áherslu á lýðræði barna, þar sem þeirra raddir fá að heyrast, þau finna hvernig þau geta haft áhrif á umhverfi sitt og að það sé tekið tillit til þeirra óska og þarfa.

Veturinn 2023-2024 var ekkert sérkennslubarn í Rauðaborg og því engin sérkennsla að ráði, fyrir utan málörvun, en það er orðið ljóst að sérkennslan verður einhver næsta vetur.



Þess vegna er ljóst að okkur vantar starfsfólk frá og með ágúst 2024, þar sem nokkrir starfsmenn eru að hætta og hverfa til annarra starfa og í nám. Ljóst er að einn deildarstjóri verðu áfram ótímabundið í veikindaleyfi og það skarð þarf að fylla, ásamt fleiri stöðum bæði á deildum og vegna væntanlegra stuðningsstaða.

Við horfum samt björtum augum fram á veginn og það sem stendur upp úr eftir þennan vetur og fleytir okkur langt áfram, er vel heppnuð námsferð sem við fórum í til Berlínar í apríl og hristi hópinn vel saman auk þess sem við fegnum góða fræðslu og sáum skemmtilega leikskóla í Berlín.

Einnig varð Rauðaborg 30 ára í febrúar og við héldum upp á það innanhúss með börnum og starfsfólki á sjálfan afmælisdaginn, en buðum svo foreldrum og öðrum gestum í garðpartý í maí.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat leikskólans var unnið út frá þeim þáttum sem matsteymi Rauðaborgar ákvað að yrðu metin veturinn 2023 – 2024. Innra matið fór fram á deildastjórafundum, innra mats teymisfundum, deildafundum og starfsmannafundum. Innra matsteymi Rauðaborgar var skipað leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildastjóra, almennur starfsmaður og foreldri. Markmið teymisins var að endurmeta starfið og koma með hugmyndir ef eitthvað var ábótavant. Það var reynt með bestu getu að hafa deildastjórafundir vikulega þó svo þeir hafi stundum fallið niður. Deildafundir voru þó ekki nógu reglulega þar sem ýmist kom í veg fyrir það.

Þeir umbótaþættir sem voru fyrir árið 2023-2024 og snýr að innra starfi leikskólans eru eftirfarandi þættir:

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Móttaka nýs starfsfólks</b>	Á deildarstjórafundum og í starfsmannaviðtölum leikskólastjóra	Starfsfólk	Deildastjórar notuðu nýja móttökuáætlun sem tekin var í notkun ( sjá fylgiskjal 10.3).  Deildastjórar báru ábyrgð á að fara eftir móttökuáætlun og að nýtt starfsfólk fengi tíma til að lesa yfir móttökuáætlunina og þær upplýsingar sem koma fram í bækling um Rauðaborg sem var endurnýjaður 2023.
<b>Viðtöl deildastjóra við starfsfólk á deild</b>	Á deildarstjórafundum og í starfsmannaviðtölum leikskólastjóra	Starfsfólk	Deildarstjórar notuðust við „Annað samtal - gátlisti deildarstjóra“ í nýrri móttökuáætlun.  Allir deildarstjórar tóku



			<p>viðtöl við sitt starfsfólk en oft var erfitt að finna tíma en hafðist þó.</p> <p>Næsta haust munu deildarstjórar yfirfara viðtalsblaðið sem notað er í viðtölum við starfsfólk og athuga hvort þurfi að bæta fleiru inn.</p>
<b>Námskrá</b>	Á deildarstjórafundum	Stjórnendateymi	Námskrá er gömul og þarfnast algerrar endurnýjunar. Vinna ekki hafin að ráði.
<b>Virkni barna, þátttaka og lýðræði</b>	Á deildarstjórafundum og deildafundum	Allt starfsfólk	Börnin höfðu tækifæri til að velja sér viðfangsefni, fara á milli deilda á ákveðnum tímum. Þau efldust í að standa með sjálfum sér og úthaldið jókst í leik.
<b>Sjálfsfelling</b>	Á deildarstjórafundum og deildafundum	Allt starfsfólk	Börnin voru hvött til þess að gera sjálf það sem þau geta, t.d. að skammta sér sjálf mat, klæða sig í og úr og sáu þannig árangur og voru ánægð með sig.
<b>Starfsánægja/starfsandi</b>	Á deildarstjórafundum og deildafundum	Allt starfsfólk	Mikil mannekla setti svip sinn á veturinn og talsverð þreyta var í starfsfólki, námsferðin lyfti upp

			starfsandanum.
<b>Mat barna, börnin endurmeta</b>	Á deildarstjórafundum og deildafundum	Allt starfsfólk	Elstu börnin svöruðu ýmsum spurningum og fylltu út matslista yfir helstu þætti starfsins.
<b>Starfsmannasamtöl</b>	Á skrifstofu leikskólastjóra	Leikskólastjóri	Allt starfsfólk fékk starfsmannasamtal í apríl.
<b>Foreldrasamstarf</b>	Í daglegum samskiptum og tölvupósti, á foreldrafundum og í foreldraviðtölum	Stjórnendur	Foreldrasamstarf hefur gengið vel og við viljum fá þá meira með í að koma að skipulagningu starfsins.

## Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar</b>	Starfsfólk svaraði könnun í gegnum hlekk sem allir fegnu sendan á vinnunetfangið sitt.	Allt starfsfólk	Niðurstöður voru ómarktækar þar sem þátttaka var mjög lítil (4 af 16 svöruðu)
<b>Könnun um lýsi</b>	Niðurstöður könnunar sem send var á foreldra (sjá	Foreldrar og stjórnendur	Foreldrar svöruðu könnun um lýsi með morgunmat í leikskólanum. Könnunin innihélt þrjár spurningar



fylgiskjal 10.4)

varðandi inntöku á lýsi barna. Niðurstöður sýndu að 48 af 52 börnum taka inn lýsi og af þeim taka 43 börn lýsi í leikskólanum en 7 börn taka lýsi heima. Ákvað var að halda áfram inntöku lýsis með morgunmat í leikskólanum





### 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Innra mat</b>							
Starfsmannsamtöl	Fjölga skipu- lögðum viðtölum	Setja niður starfsmann samtöl að haust og vori	Stjórn- endur	Sept 2024	Maí 2025	Metið jafn óðum á deildastjórafundu- m og deildafundum.	Ánægt starfs- fólk sem segir hvað það vill og hvað því finnst.
Starfsandi	Fjölga samverus- tundum utan vinnu- tíma	Skipuleggja samveru- nokkrum sinnum yfir árið	Allt starfs- fólk	Ágú 2024	Maí 2025	Á skemmtinefndar- fundum og í samtölum við starfsfólk.	Ánægðara starfsfólk og aukin samheldni og gleði í hópnum
Virgni starfsfólks í leik barna	Að starfsfólk sé þáttta- kendur í leik barna	Fá fræðslu um þátttöku starfsfólks í frjálsum leik	Stjórn- endur	Ágú 2024	Des 2024	Á deildafundum og starfsmanna- fundum	Að öryggi barna verði enn betra, starfsfólk sé meðvitað um hvað er að gerast í leiknum.
Sköpun og lýðræði	Að auka sjálfstæði barna	Með því að börnin fái meira val og að samtöl um	Allt starfs- fólk	Sept 2024	maí 2025	Aukið sjónrænt skipulag varðandi dagskipulag, val á viðfangsefnum og leiksvæðum.	Að börnin viti betur hvað gerist næst og hvað viðfangsefni

		hvað þau vilja gera séu nýtt.					eru í boði.
Blær	Efla vináttu og samkennd	Vinna skipulega og oftarm með Blæstundir	Stjórnendur	Sept 2024	Maí 2025	Blæstundir með litlum hópum í hverri viku og „stóri Blær“ fer heim með börnunum á deildinni til skiptis yfir helgi. Kenna börnunum lögin sem fylgja með Blæ.	Að tengja heimili og leikskóla og viðfangsefnið í Blæstundum yfirferist í daglegt starf.
Vinnutímastytting	Skipuleggja utanumhald styttinga	Passa að allir fái jafn mikla styttingu yfir árið	Stjórnendur	Ágú 2024	Júlí 2025	Talið saman og passað að styttingarnar séu réttar út frá tímafjölda.	Að jafnt gangi yfir alla.

## 4 Innra mat deilda

### 4.1 Innra mat Lauf

Í vetur voru 23 börn á Laufi, 8 börn fædd 2018, 13 börn fædd 2019 og 3 börn fædd 2020.

Börn fædd 2018 fóru einu sinni í viku í hópastarf. Þar unnu þau fjölbreytt verkefni til undirbúnings fyrir grunnskólann s.s. að skrifa nafnið sitt, lærðu helstu formin, stærðfræði þar sem var farið í tölurnar frá 0 – 9 og ýmis verkefni tengd þessum tölum. Vinastundir voru með Blæ í nokkur skipti.

Bókaormur vikunnar var verkefni þar sem eitt barn í einu var bókaormur vikunnar. Þá valdi barnið bók heima, æfði sig í að segja frá henni og kom svo í lok vikunnar og kynnti bókina fyrir hinum börnunum á deildinni.



2018 börnin tóku einnig þátt í verkefni sem nefnist Heimahagar en það er samvinnuverkefni leikskólanna í hverfinu og 1. Bekk í Selásskóla í útikennslu.

Lubbastundir voru einu sinni í viku og var þá tekið fyrir eitt máhljóð/stafur í hverri viku og unnið með það á margvíslegan hátt, t.d. skrifuðu börnin orð sem byrjuðu á máhljóðinu, teiknuðu myndir af orðum af hljóðinu og fl.

Börn fædd 2019 og 2020 fóru einu sinni í viku í hópastarf. Alltaf var farið í Lubbastund í hópastarfi þar sem eitt máhljóð/stafur var tekinn fyrir. Börnin unnu síðan að ýmsum færniþáttum s.s. skrifa nafnið sitt, klippa, lita, spila og fleira.



Vinastundir með Blæ voru í nokkur skipti.

**Félagsfærni:** Í frjálsum leik voru börnin dugleg að leika þvert á aldur. Einnig voru þau dugleg að leika saman þegar þau voru í sínum hópum

**Styrkleikar:** Börnin voru dugleg í vinastundum og tóku virkan þátt í umræðum.

**Tækifæri til umbóta:** Að efla vináttu í barnahópnum. Auka samkennd meðal barnanna og að þau þori að standa með sér og vinum sínum

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að efla vináttu í Barna- hópnum. Auka	Blanda börnunum þvert á aldur. Vera með	Deildar- stjóri og annað starfsfólk framkvæmir	Sept 2024	Maí 2025	Metið með starfsfólki deildarinnar t.d. á deildarfundum	Að börnin geti valið sér leikfélaga



	sam- kennd meðal barnanna og að þau þori að standa með sér og vinum sínum	Blæstundir og nota vinamöppu Börnin skiptast á að fara heim með stóra Blæ og skrifa á blað hvað Blær gerði með fjölskyldunni.				og í daglegu starfi.	óháð aldri og þroska. Að félagaval aukist og vinátta eflist meðal barnanna
--	--	--	--	--	--	-------------------------	---

### Nýr umbótaáttur fyrir skólaárið 2024-2025

**Sköpun í námi og starfi** : Næsta skólaár ætlum við að leggja áherslu á sköpun í námi og starfi í leikskólanum

UMBÓTAÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sköpun í námi og starfi	Að börnin nýti sköpunar-kraft í verkefnum og í frjálsum leik	Starfsfólk hlusti eftir hugmyndum barnanna og styðji þau í þekkingaleit. Að börnunum sé treyst til að framkvæma eigin hugmyndir. Starfsfólk noti	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Sept 2024	Máí 2025	Á deildarfundum og deildastjórnfundum	Að börnin geti nýtt sér efniviðinn á sem fjölbreyttastan hátt. Að börnin ræði hugmyndir sínar og þrói þær áfram.



		opnar spurningar með börnunum. Opinn efniviður sé fjölbreyttur.					
--	--	---	--	--	--	--	--

#### 4.2 Innra mat Lyng

Á Lyngi voru 22 börn, 7 fædd 2020 og 15 börn fædd 2021. Veturinn var oft á tíðum krefjandi vegna margar ungra barna. Umbótaþættir sem var lagt upp með fyrir skólaárið 2023-2024 voru samvinna milli Hreiðurs og Lyng, félagsfærni og sjálfsbjörg.

Samvinnan á milli deilda átti að fara þannig fram að sameiginlegt leiðsvæði yrðu nýtt og börnin mættu fara á milli deildanna að leika. Við munum halda samvinnunni áfram næsta vetur en ekki endilega á ákveðnum tímum heldur hafa það meira í flæði þegar hægt er.



Félagsfærnin var hugsuð til að efla vináttu og

samkennd meðal barnanna. Auka sjálfstraust barna þannig þau þori að standa með sjálfum sér. Blær átti að koma sterkur inn í vináttu með ákveðnum Blæ stundum í litlum hópum svo allir fengju að njóta sín. Blæ stundirnar hefðu mátt vera meiri hjá okkur þennan vetur og munum við bæta það upp næsta vetur.

#### **Sjálfsbjörg:**

Á Lyngi var lögð áhersla á sjálfsbjörg til að efla sjálfstæði í fataklefa, matartíma og vera almennt sjálfstæð í daglegum athöfnum. Kenna börnunum að klæða sig sjálf, skammta sér sjálf á diska og hvetja þau að nota klósettið.

**Styrkleikar:** Börnin eru mörg hver dugleg að klæða sig sjálf og byrjuð að nota klósettið.



**Tækifæri til umbóta:** Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2023 – 2024 kom fram að efla krakkana í sjálfsbjörg sem hefði mátt fara betur. Börnin fengu sjaldan að skammta sér sjálf og oftast en ekki voru þau klædd í útiförin. Næsta skólaár ætlum við að leggja aftur áherslu á sjálfsbjörg og vera duglegri að leyfa þeim að gera sjálf. Hvetja þau að gera sjálf og gefa okkur meiri tíma í þessa hluti.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Sjálfsbjörg</b>	Að börn geti hjálpað sér sjálf, klætt sig, noti klósett og almennt hreinlæti	Gefa góðan tíma í að klæða sig, leyfa börn-unum að gera sjálf	Starfs-fólk deildar-innar	Sept 2024	Maí 2025	Á deildarfundum og deildarstjórafundum	Að útivera hjá börnum lengist, styttri tími í fataklefanum og stolt börn

### Nýr umbótaáttur fyrir skólaárið 2024-2025

#### Lýðræði:

Lýðræði er eitt af því sem við viljum leggja áherslu á skólaárið 2024 – 2025. Börnin taki þátt í að meta leikskólastarfið og fái tækifæri til að koma með tillögur að leiðum í eigin námi. Styrkja sjálfsmýnd barnsins. Börnin fá tækifæri hafa áhrif á náms-umhverfið sitt og auka lýðræði

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Sýn barna (lýðræði)</b>	Börnin fái tækifæri til að hafa	Nýta samverustundir og spjall, hlusta	Allir starfsfólk deildarinnar	Sept 2024	Des 2024	Á deildarfundum	Styrkja sjálfsmýnd barnsins.



	áhrif á náms-umhverfið sitt. Geta komið á framfæri hvað þau vilja gera	á hugmyndir barnanna og aðstoða þau við að koma þeim í framkvæmd					Auka lýðræði og að börnin fái tækifæri til að hafa áhrif á starfið á deildinni.
--	--	--	--	--	--	--	---

#### 4.3 Innra mat Hreiður

Pennan veturinn voru 12 börn á Hreiðri. 3 börn voru fædd 2021 og 9 börn 2022.

Við höldum áfram að vinna úr umbótarþáttum síðasta árs, það er samvinnu milli Hreiðurs og Lyngs, félagsfærni og mataruppeldi. Samvinna milli deilda fólst í því að hafa flæði og leyfa börnunum að velja á hvaða svæði þau vildu leika sér og með hvaða félögum. HVERNIG GEKK.



Flæði milli deilda gekk vel, en það var ekki í boði á ákveðnum tímum heldur frekar þegar tækifæri gafst til. Við munum halda því áfram næsta vetur. Börnin öðlast meira sjálfstæðis, kynnast hinni deildinni og félagaval eykst. Aðlögun milli deilda gekk mun betur þar sem börnin þekktu hina deildina og starfsfólkið betur.

#### Félagsfærni:

Við stóðum að eflingu félagsfærni með því að skipta börnunum upp í minni hópá til þess að minnka áreiti og gefa þeim aukið tækifæri til þess að tjá sig og njóta sín í leik. Þessi þáttur sást skýrast í formi hópastarfs á morgnanna, þar sem börnin voru í 4 barna hópum. Kennarar skiptu sér upp á 3 svæði og svo flökkuðu hóparnir á milli.



**Styrkleikar:** Starfsmenn gátu veitt hverju barni betri athygli í smærri hópum. Börnin voru rólegri og áttu í betri samskiptum í smærri hópum.

**Tækifæri til umbóta:** Blær átti að koma inn í hópastarfið sem tæki í mótun félagsfæri. Það hefði mátt ganga betur hjá okkur og munum við vinna að því næsta vetur.

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að efla vináttu í barnahópnum. Auka samkennd meðal barnanna og kenna þeim góð samskipti	Með því að hafa börnin í litlum hópum. Að nýta Blæ sem tól til að kenna þeim	Deildarstjóri ber ábyrgð og starfsfólk deildarinnar framkvæmir	Sept 2024	Maí 2025	Á deildafundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að börnin þrói með sér færni í góðum samskiptum

### Mataruppeldi:

Mataruppeldi var umbótarþáttur fyrir skólaárið 2023-2024. Lögð var áhersla á að minnka matarsóun með því að skammta minna á diska hjá börnunum og gefa þeim frekar oft.

### Styrkleikar:

Matarsóun minnkaði töluvert. Börnin fengu hvatningu um að tjá sig ef þau langaði í meira.

### Tækifæri til umbóta:

Við viljum vinna að því að efla sjálfstæði barnanna með því að leyfa þeim að skammta sér sjálf á diskana með aðstoð starfsfólks. Einnig að hvetja þau enn frekar til þess að tjá sig um hvað þau vilja á diskinn og hvað ekki.

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Mataruppeldi	Að	Aðstoða þau	Deildarstjór	Jan	Maí	Á	Að börnin





(sjálfsbjörg)	börnin fáa að skammta sér sjálf og auka sjálfstæði í matartímum.	við að fá sér sjálf á disk, auka umræðu og orðaforða við matarborðið.	i ber ábyrgð og starfsfólk deildarinnar framkvæmir	2025	2025	deildafundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	verði sjálfstæðar í í matartímum og geti tjáð sig um hvað þau vilja.
---------------	--	---	--	------	------	--	--

## Nýr umbótaáttur fyrir skólaárið 2024-2025

### Sjálfsbjörg:

Við viljum standa að því að efla sjálfsbjörg hjá yngstu börnunum skólaárið 2024-2025. Þetta viljum við gera með því að kenna þeim að þvo sér um hendur eftir útiveru og/eða fyrir matartíma, aðstoða þau við að skammta sér sjálf á diska og læra að klæða sig sjálf í útiföt.

UMBÓTAÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsbjörg	Að efla sjálfstæði, kenna þeim að gera hlutina sjálf.	Sýnum þeim hvernig á að gera, aðstoðum eftir þörfum. Leyfum börnunum að spreyta	Deildarstjóri ber ábyrgð og starfsfólk deildarinnar framkvæmir	Sept 2024	Des 2024	Á deildafundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að börnin öðlist traust á eigin getu og þurfi minni þjónustu.



		sig sjálf. Gefa okkur og þeim tíma í hlutina.					
--	--	---	--	--	--	--	--

## 5 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2023-2024

<p><b>Skipulagning sérkennslu</b>          Hvernig var sérkennslan skipulögð;          Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?          Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólaskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?          Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?          Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Menntun án aðgreiningar höfð að leiðarljósi í öllu skipulagi. Kennslan var skipulögð út frá ákveðinni stundaskrá sem gerð var í upphafi haustsins 2023 og uppfærð eftir áramót 2024. Með gerð stundarskrár voru þarfir hvers og eins hafðar í huga þar sem ýmist var unnið með einstaklinga en þeir jafnframt hafðir daglega í fámennum hóp. Börnin í þessum hóp eru fædd 2018 og 2019. Skráning var framkvæmd eftir því sem við átti í hvert skipti. Einnig var lögð áhersla á að efla félagsfærni barnanna innan hópsins með því að auka orðaforða, efla tjáskipti og tjáningu. Hins vegar voru börn fædd 2021 að mestu unnið með einstaklingslega eða tvö saman þar sem lögð var áhersla á málhljóð, orðaforða og málskilning. Öll þessi börn voru að sjálfsögðu virk í leik og starfi innan leikskólans.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b>          Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Matsgögn sem voru notuð eru TRAS, EFI og HLJÓM 2</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b>          Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Alls konar námsgöng voru notuð sem hentuðu hverjum og einum sem og fámennum hópum. Sem dæmi má nefna voru notuð alls konar spil, hljóðfæri, orðakassar af ýmsu tagi, bækur, alls konar leikföng, púsluspil, stærðfræðispil, flokkunarspjöld, heimatilbúna myndasögur út frá ævintýrum, litlar brúður o.fl. Aðkeypt efni var ekki mikið en þar á meðal voru orðakassar.</p>



## Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
-Markviss snemmtæk íhlutun.  -Andleg vel - líðan barna. ´ -Ánægja höfð að leiðarljósi þ.e. börnin hafi ánægju af þeim viðfangsefnum sem lögð eru fyrir þau	Andleg vel- líðan barna höfð að leiðarljósi með því að allt starfsfólk sé til staðar fyrir börnin og meðvitað um mikilvægi frjálsa leiksins. Einnig skapa jákvætt umhverfi fyrir góðan leik sem í senn styrkir félagslags- og tilfinninga- þroska barnanna. Fylgja vel stundaskrá og	Gefa sérkennslu- kennara og sérkennslu- stjóra svigrúm til að sinna sínu starfi.	Sérkennslu- og leikskóla- stjórar, deildarstjórar Einnig allt starfsfólk leikskólans eru ábyrgir fyrir andlegri vellíðan barnanna ásamt því að vera vakandi yfir þroska barnanna.	Sept 2024	Maí 2025	Metið að vori út frá nýjum niðurstöðum TRAS , EFI og HLJÓM 2 á fundi með sérkennslu- stjóra og deildarstjóra. Einnig metið út frá einstaklings- áætlunum	Árangur metin út frá settum markmiðum.



	einstaklings- námskrá. Vera vakandi fyrir snemmtækri íhlutun s.s. með málörvun, aðstoð í félagslegum aðstæðum o.s.frv. Ekki bíða með aðgerðir þangað til barnið fær einhverja greiningu						
--	--	--	--	--	--	--	--



## 5.1 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Með kaupum á spilum, bókum og hlutbundnum orðakössum
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Markviss orðaforðavinna er unnin með því að setja orð á athafnir og einnig með sjónrænu skipulagi sem farið er í gegnum daglega. Auk þessa hafa tvítyngd börn fengið einstaklingsþjálfun 3 – 4x í viku og lagður inn grunnorðaforði.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Tvítyngd börn hafa fengið samverustundir 4 -5x í viku sem hentar þeirra málþroska og orðaforða. Þar er m.a. lögð áhersla á að lesa/segja stuttar sögur í sjónrænu formi, nota spil sem efla orðaforða og málskilning. Einnig styrkja tjáningu á íslensku. Mikilvægt er að tvítyngdum börn finnist þau vera þátttakendur í starfi leikskólans en til að það geti orði þarf þeim að líða vel og starfsfólk vera stöðugt á verði í öllum aðstæðum aog setja orð á allar athafnir.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Fylgst er með framförum tvítyngdra barna m.a. í gegnum frjálsan leik, félagslegum samskiptum við önnur börn og hvort þau noti íslenskuna til að biðja um það sem þau þurfa án þess að benda. Jafnframt er fylgst vel með því hvort þau skilji einföld fyrirmæli. Matstækið TRAS er notað en einnig EFI, HLJÓM 2 og íslensku hæfnirammarnir
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	



## Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Auka málskilning og orðaforða	Gefa hverju barni afmarkaða stund í málörvun	Skipu- leggja stundir með litlum hópum	Sérkennslu- stjóri	Sept 2024	Maí 2025	Með fyrirlögnum á fyrirgreindum matstækjum	Að fjöltyngdum börnum líði vel og séu örugg í leik og daglegum samskiptum við börn og starfsfólk.

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl leikskólastjóra við allt starfsfólk fóru fram í apríl 2024. Tilgangur starfsþróunarsamtala er að hlusta og heyra hvernig starfsfólki líður í vinnunni. Deildastjórar tóku einungis viðtöl við starfsfólk sitt að hausti 2023. Deildastjórar tóku snörp viðtöl að vori 2024 við sitt starfsfólk. Næsta skólaár munu samtöl deildastjóra við starfsfólk vera skipulögð að hausti og vori eins og síðasta skólaár.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir starfsþróun skólaársins 2023-2024.

Tímabil	Námskeið – Fyrirlestrar	Hverjir
Sept 2023 – maí 2024	Læsiðsteymi MMS	Sérkennslustjóri
Okt 2023 – maí 2024	Lærdómssamfélag leikskólastjóra 1x í mánuði	Leikskólastjóri
Okt 2023 – maí 2024	Lærdómssamfélag sérkennslustjóra	Sérkennslustjóri
22.09.2023	Trúnaðarmannafræðsla	Sérkennslustjóri



27.09.2023	Ráðstefna – Einingarkubbar í flæði	Aðstoðarleikskólastjóri og Deildastjórar
5.10.2023	Starfsþróun deildastjóra Lota 1	Deildarstjórar
24.11.2023	Fyrirlestur – Þorsteinn Bachman	Allir starfsmenn
18.01.2024	Trúnaðarmannafundur Eflingar	Trúnaðarmaður
25.01.2024	Ráðstefna fyrir öryggisverði/trúnaðarmanna	Leikskólastjóri og deildastjóri
10.02.2024	Farsældardagur Reykjavíkurborgar	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
21.02.2024	Forystunám lota 2 – Stjórnvíslan. Reykjavíkurborg	Aðstoðarleikskólastjóri
12.03.2024	Fræðsla Græn skref	Allt starfsfólk
11.04.2024	Kynning á Námskrárgerð í Hlöðunni	Leikskólastjóri
15.04.2024	Kynning á Lausnateymum	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og einn deildarstjóri.
24. - 29.04.2024	Námsferð starfsfólks Rauðaborgar til Berlínar. *Sjá nánar hér fyrir neðan	Allt starfsfólk
17. 05. 2024	Menntastefnumót Reykjavíkurborgar	Allt starfsfólk
11.06.2024	Lausnateymi-kynning fyrir deildastjóra	Allir deildastjórar

### **\*Námsferð starfsfólks Rauðaborgar til Berlínar í apríl 2024**

Farið var í námsferð til Berlínar dagana 24.04 – 28.04.2024 og fóru 15 starfsmenn Rauðaborgar í ferðina. Á komudegi var farið í skoðunarferð með Berlínunum þar sem helstu kennileiti borgarinnar voru heimsótt. Á degi tvö var farið í leikskólaheimsókn INA sem var í göngufæri frá hótelinu og fengum við kynningu á leikskólanum og hugmyndafræði hans. Á degi þrjú var deginum skipt upp í tvennt. Fyrir hádegi var farið í leikskólaheimsókn í Kita Tommelise þar sem við fengum góða kynningu á starfsemi hans og skoðunarferð í gegnum leikskólann. Eftir hádegi var farið í Norræna sendiráðið í Berlín þar sem hópurinn sat námskeiðið „Að setja mörk, skýr og jákvæð samskipti“. Eftir námskeiðið var farið í úrvinnslu eftir tvo daga af leikskólaheimsóknum og námskeiði og var meðal annars rætt *hvað var áhugavert, hvað stóð upp úr og er eitthvað sem við getið nýtt í okkar starfi?*

Tveir starfsmenn voru eftir heima á Íslandi og fóru í leikskólaheimsóknir í Árbænum. Starfsmennirnir unnu í leikskólanum Árborg þessa daga sem Rauðaborg var lokuð á meðan námsferð stóð yfir í Berlín.

### **Skólaárið 2024-2025**



Á næsta skólaári er ætlunin að fá sérkennsluráðgjafa úr Austurmiðstöð til að fræða og ræða um sérkennslu barna í leikskóla. Margir starfsmenn vilja bíða og sjá hvaða námskeið verða í boði á næsta starfsári og koma þá með sínar óskir um starfspróun.

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Rauðaborgar og Seláaskóla hófst í nóvember þar sem nemendur í 1.bekk í Selásskóla komu í heimsókn í Rauðaborg, gamla leikskólann sinn. Það var sungið saman og leikið í leikskólanum. Í nóvember komu einnig nemendur 5.bekkjara í Selásskóla og lásu fyrir öll börn í Rauðaborg í tilefni af degi íslenskrar tungu. Leikskólabörnunum fannst mjög gaman fá börn frá Selásskóla til að lesa og voru áhugasöm. Í janúar var 1.bekkur heimsóttur, þar sem leikskólabörnin sátu tvær kennslustundir, fóru í frímínútur og borðuðu nesti saman með 1.bekk. Í maí var farið í heimsókn í frístundaheimilið Víðisel þar sem börnin fengu að skoða aðstæður og sjá hvað er í boði þar. Börn úr 1. og 2.bekk í Selásskóla hittu leikskólabörnin í frístund og áttu þau góða stund þar saman

### Áætlun vetrarins, samstarf Selásskóla og Rauðaborgar 2024 - 2025

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning
Nóvember 2024	Undirbúningsfundur í Selásskóla	Selásskóli
Nóvember 2024	Nemendur í 5.bekk lesa fyrir leikskólabörn í Rauðaborg	Rauðaborg
Desember 2024	Heimsókn á skólasafnið	Selásskóli
Janúar 2025	Heimsókn elstu barna úr Rauðaborg í Selásskóla	Selásskóli
Maí 2025	Frístundaheimilið Víðisel heimsókn	Víðisel
Maí 2025	Heimsókn kennara varðandi 1.bekkjara	Rauðaborg

Það er ekki komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár 2024 – 2025, en gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og undarfarin ár





## Heimahagar:

Heimahagar eru samstarf leikskólanna Heiðarborgar, Blásala, Rauðaborgar og Selásskóla í Reykjavík. Verkefnið byrjaði sem þróunarverkefni og hefur staðið í nokkur ár. Markmiðið með samstarfinu er að efla samvinnu og tengsl leikskólanna og grunnskólans í Seláshverfi. Heimahagar er útinám og hittast börnin á sameiginlegu útisvæði á um það bil mánaðarfresti. Samstarfið hefur tekist frábærlega vel og börnin njóta góðs af.

Það er ekki komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár 2024 – 2025, en gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og undarfarin ár

### Heimahagar 2024 - 2025

Dagsetning og tími	Viðburðir
September 2024	Heimahagar Allir hittast og leika saman
Október 2024	Heimahagar – Leikir og útiverkefni Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Nóvember 2024	Heimahagar – Leikir Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Nóvember 2024	Heimahagar – Vetrarsamvera Selásskóli, Heiðarborg, Blásalir og Rauðaborg
Janúar 2025	Heimahagar – Leikir Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Febrúar 2025	Heimahagar – Leikir Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Mars 2025	Heimahagar – heimsókn í hesthúsin Rauðaborg
Mái 2025	Heimahagar – Vorsamvera Selásskóli, Heiðarborg, Blásalir og Rauðaborg
Júní 2025	Reiðskólinn – Hestbak



## 8 Foreldrasamvinna

- Í foreldraráði eru fjórir foreldrar þeir sömu og síðasta starfsár.
- Áður en aðlögun hefst fá foreldrar nýrra barna einkasamtal við leikskólastjóra og deildarstjóra á deild barnsins.
- Foreldrafundir verða í september 2024.
- Foreldrasamtöl eru í nóvember og febrúar, foreldrum allra barna er fundinn tími, reiknað er með hálf tíma fyrir hvert barn og deildastjórar taka viðtölin. Ef þurfa þykir að hafa fleiri foreldrasamtöl er það gert í samráði við foreldra.
- Foreldrafélag er starfandi. Tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Hefð er fyrir því að foreldrafélagið standi fyrir vorhátíð ár hvert og sjái um skemmtiatriði og samverur með börnum utan leikskólatíma m.a. sundferðir, skógarferðir, piparkökumálun og gönguferðir. Leikskólastjóri Rauðaborgar er tengiliður leikskólans við foreldrafélagið.
- Deildastjórar og stjórnendur senda foreldrum reglulega póst með ýmsu því sem foreldrar geta haft bæði gagn og gaman af. Með því móti gefst foreldrum tækifæri til að hafa áhrif og koma hugmyndum sínum á framfæri, auk þess að upplýsingum um allt mögulegt er þannig komið til skila.
- Við notumst við „Völuna“ og foreldrar hlaða niður appinu í símann. Inni í Völu er hægt að fylgjast með mætingu, svefni og matmálistímum barnsins og ekki síst senda skilaboð ef eitthvað er sem þarf að koma til skila. Að auki er matseðill og myndir settar inn reglulega.

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar Rauðaborgar skólaárið 2024-2025:

- Föst. 27.sept 2024
- Mán. 14. okt 2024
- Föst. 22.nóv 2024
- Fimt. 6.feb 2025
- Mið. 12. mars 2025
- Þri. 20. maí 2025

Leikskóladagatal Rauðaborgar skólaárið 2024 – 2025: Sjá fylgiskjal 2



## 10 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Leikskóladagatal

10.3 Móttaka nýliða

10.4 Lýsi með morgunmat

*Reykjavík, 25. 06. 2024*

F. h. leikskólans Rauðaborgar  
*Unnur Hermannsdóttir, leikskólastjóri*



## 10.1 Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs

Foreldraráðið er ánægt með starfið sem er á leikskólanum Rauðaborg árið 2023-2024. Á þessu ári vann skólinn áfram með sjálfseflingu og félagsfærni þvert á allan aldur, okkur þykir það jákvætt að börnin eru hvött áfram til að prófa nýja hluti og efla sjálfan sig í daglegum athöfnun, s.s. að klæða sig í og úr útifötum og sjá eigin árangur.

Sem foreldrar í leikskólanum þá finnum við fyrir árangri og gleði hjá börnunum á aukinni getu. Auk þess að félagsfærnin er orðin meiri sem stafar af að unnið sé með þeim í bæði stórum og smáum hópum. Þar efla þau bæði sjálfseflingu með því að standa með sjálfum sér og aukinni félagsfærni með því að hlusta á aðra og ræða saman. Eins og tekið var fram í greinargerð frá leikskólastjóra þá var eitthvað um veikindi starfsmanna í vetur og hefði verið gaman að sjá tölfræði um þá skerðingu sem var á vistun barnanna til að geta borið saman við næstu ár, þar sem það væri áhugavert að sjá hvort veikindatíðni myndi minnka með markmiðinu um hækkandi starfsánægju.

Umbótaáætlun leikskólans er vel uppsett og með þáttum sem okkur þykja mikilvægir svo sem að vinna áfram með félagsfærni, sjálfstæði og að auka lýðræði meðal barnanna. Það að börnin geti haft áhrif á umhverfið sitt og tekið sé tillit til þeirra óska og þarfa er frábært og hlökkum við til að sjá það í verki. Sérkennslan í vetur hefur aðeins falist í málörvun og erum við ánægðar með það starf og enn ánægðari með að sjá að hún verði markvissari á næsta ári.

Innra mat leiddi í ljós gott starf á hverri deild og byrjuðu deildarnar með skýr markmið. Sumt hefði mátt ganga betur eins og Blæ-stundir á yngstu deildinni en ánægjulegt er að sjá að þær stundir eru á umbótaáætlun. Eins með að efla sjálfsbjörg hjá eldri börnunum, þá fengu þau sjaldan að skammta sér sjálf en áætlun er að starfsmenn verði duglegri að leyfa þeim. Við skiljum þó að það geti verið erfitt þegar það er einnig verið að stuðla að minni matarsóun og oft getur tíminn verið að stjórna för. Hins vegar gekk starfið vel á hverri deild fyrir sig og eru umbótaáætlanir skýrar og raunhæfar.

Gaman var að sjá að samstarfið á milli deildanna einfaldaði flutning á milli deilda fyrir börnin. Börnin voru öruggari í þessum flutningum og erum við ánægð með að sjá að þetta samstarf á milli deilda mun halda áfram. Við erum mjög ánægð með vináttuverkefnið Blæ og erum ánægð að sjá að það verkefni er í umbótaáætluninni og að það verði unnið meira með það verkefni á næsta ári.

Samstarf við foreldra virðist vera gott og í góðum farvegi. Það á einnig við um samstarf á milli Rauðaborgar og Selásskóla og finnst okkur jákvætt að sjá aukið samstarf með tíðari heimsóknunum.

## Foreldraráð leikskólans skipa:

Agnes Svansdóttir  
Áslaug Eva Antonsdóttir  
Brynhildur Ýr Ottósdóttir  
Sigurlaug Jónsdóttir



# Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

Rauborg

ÁGIST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 L	1 L	1 F	1 S	1 Þ
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 S	2 F	2 M	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ	4 Þ	4 S	4 F	4 F
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 M	5 M	5 F	5 L
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L	7 M
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 L	8 Þ	8 S	8 Þ
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 Þ	10 Þ	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 Þ	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F
12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 M	12 Þ	12 F	12 L
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 Þ	13 F	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 F	14 F	14 F	14 F	14 M	14 L	14 M
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 L	15 L	15 L	15 M	15 Þ	15 S	15 Þ
16 F	16 M	16 M	16 L	16 F	16 S	16 S	16 S	16 M	16 Þ	16 M	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F	17 Þ	17 Þ	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 L	18 L	18 M	18 Þ	18 S	18 F
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 F	19 Þ	19 L	19 L
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 Þ	20 F	20 F	20 S	20 Þ	20 S	20 S
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 Þ	21 M	21 M
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 L	22 L	22 L	22 M	22 Þ	22 F	22 Þ
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 Þ	23 F	23 F	23 M	23 Þ	23 M	23 M
24 L	24 F	24 F	24 M	24 L	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 F
25 M	25 M	25 Þ	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 Þ	25 F	25 Þ	25 F	25 F
26 M	26 F	26 F	26 L	26 F	26 M	26 M	26 M	26 M	26 L	26 L	26 L
27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 Þ	27 F	27 S
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 Þ	28 M	28 M
29 F	29 S	29 Þ	29 M	29 F	29 M	29 L	29 L	29 M	29 Þ	29 F	29 F
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 M	30 M	30 Þ	30 M	30 M
31 L	31 F	31 F	31 Þ	31 F	31 F	31 M	31 M	31 M	31 L	31 L	31 L

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skýplagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum einn þrjú þrjú gata verð ímynt hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem djúlla í leikskólum Reykjavíkurþorpar taka að lagmarki tuttugu vinnu daga í sumari. Leikskólaárið ákveður, að höfdu samráði við starfsmann og forendur að viðkomandi leikskóli hvort leikskólinn verði opin alls samtíð eða íok samtíð. Í ötu til tuttugu vinnu daga. Stefna skóla- og frítímsvæðs er að hverju hverfi leikskólaáttendur leik- og grunnskóla víð að samræma starfs- og skýplagsdaga til hágræðs víð frítímsvæð. Reykjavík.

## 10.2 Fylgiskjal - Leikskóladagatal

### 10.3 Fylgiskjal - Móttaka nýliða

<b>Fyrsta samtali - Ráðningarsamtali</b>	
<b>Ábyrgðaraðili:</b> Leikskólastjóri/ástoðarleikskólastjóri <b>Fer fram:</b> í fyrstu viku nýliða <b>Áætluð dagsetning:</b> _____	
<b>Nafn nýliða:</b> _____ <b>Nafn stjórnanda:</b> _____	
<b>Gátlisti fyrir leikskólastjóra</b>	<b>Dagsetning:</b> _____
<b>Almennar upplýsingar</b>	
Helstu upplýsingar um leikskólann s.s. stærð, barnafjöldi, o.fl.	Matmálistímar – fæði frítt
Ráðningarsamningur/upsagnarfrestur	Stundvísi
Leyfi vegna sakaskrár	Veikindi og fjarvera – tilkynning
Pagnarheit/drengskaparheit	
Laun	Notkun GSM síma
Skattkort	Kaffitímar/neyslulhlé
Vinnutími	Undirbúningstímar
Vinnustund	Reglur vegna barna starfsmanna
Vinnustytting	Reglur um tóbaks og lyfjanotkun
Trúnaðarmaður - stéttarfélag	Lögbundnir frí dagar
Tilkynningarskýliða	Stefnur og markmið/áherslur skólans
Starfsfýsing - undirritun	Viðverustefna Árborgar
Starfsvottorð frá fyrrum vinnuveitanda	Síðareglur kennara
Allar stöður eru leikskólakennarastöður	Fundir
Starfsmaður er ráðin í leikskólann	Skipulagsdagar
Afhenda starfsmannahandbók	Hlutverk deildarstjóra/staðgengla
<b>Tækni mál</b>	
<b>Kynning á nýliða</b>	
Afhendir lykil af skáp til einkanota	Kynna nýliða fyrir starfsfólki leikskólans
Tölvakerfi/Tölvupóstur/netfang	Kynna húsakynni og garðinn
Afhendir aðgangskort	<b>Öryggisatriði</b>
Afhendir vinnufatnað	Rýmingaráætlun, sjúkrakassi
Notkun rafræna skilríka/islandslykils	Öryggistrúnaðarmaður
Sendu slóð á afsláttarskirtini	Nefndir t.d. Öryggisráð, áfallaráð
Hvaða væntingar hefur starfsmaður til	starfsins?
<b>Undirskrift nýliða</b>	<b>Undirskrift stjórnanda:</b>

<b>Annað samtali - Gátlisti deildarstjóra</b>	
<b>Ábyrgðaraðili:</b> Deildarstjóri nýliða <b>Fer fram:</b> Eftir tveir vikur í starfi <b>Áætluð dagsetning:</b> _____	
<b>Nafn nýliða:</b> _____ <b>Nafn deildarstjóra:</b> _____	
<b>Gátlisti fyrir deildarstjóra</b>	<b>Dagsetning:</b> _____
Deildarstjóri ber ábyrgð á að kynna nýliðanum fyrir starfsemi deildarinnar og fer það fram fyrstu vikuna samkvæmt gátlista	
<b>Daglegt starf:</b>	
Dagskipulag deildarinnar og venjur innan leikskólans	Fyrirkomulag neyslulhlés/kaffitíma
Fjöldi og aldur barna á deildinni	Almenn umgengi
Upplýsingar um öryggisatriði hvað varðar börnin - Ofnæmi (bráðaofnæmi) - Fötun - Aðstæður og annað sem mikilvægt er að nýliðinn viti	Fyrstu viðbrögð við slysum - slyskráning
Skráning og viðvera barnanna, öryggisupplýsingar	Samskipti við foreldra
Útvera	Hvernig er svarað í símann á deildinni
Æskileg framkoma og viðbót við börnin	Undirbúningstími og verkefni sem eru unnin í honum
<b>Nýliði lesi og kynni sér:</b>	
Fundagerðir	
Móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk	
Annað? Athugasemdir.	
<b>Undirskrift nýliða</b>	<b>Undirskrift stjórnanda:</b>

<b>Priðja samtali - Liðan í starfi</b>	
<b>Ábyrgðaraðili:</b> Deildarstjóri <b>Fer fram:</b> Eftir fjórar vikur í starfi <b>Áætluð dagsetning:</b> _____	
<b>Nafn nýliða:</b> _____ <b>Nafn deildarstjóra:</b> _____	
<b>Umraeður við stjórnanda</b>	<b>Dagsetning:</b> _____
<b>Umraeðupunktur:</b>	
Hvernig gengur og hvernig líður þér í vinnunni?	
Finnst þér þú fá nægar upplýsingar um starfið og svör við þeim spurningum sem þú hefur spurt?	
Færðu stuðning og leiðsögn á deildinni? Frá hverjum	
Hefur þér verið kynnt skipulagið á deildinni og hvernig gengur að fylgja því?	
Í hvaða verkefnum gengur þér best?	
Hvaða verkefni finnst þér mest krefjandi?	
Hefur starfið og vinnustaðurinn staðið undir væntingum þínum?	
Móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk í Rauðaborg	

Hvernig ganga samskiptin við? - börnin - samstarfsfélaga - foreldra	
Hvernig gengur að fara eftir dagskipulagi? - borðhald - leiktími inni og úti - fataklefi - samverustundir - hvíldartími - hópastarf - annað	
<b>Undirskrift nýliða</b>	<b>Undirskrift stjórnanda:</b>



**Sjálfsmat nýliða**

**Ábyrgðaraðilar:** Stjórnendur leikskólans og nýliði  
**Fer fram:** Eftir sex vikur í starfi  
**Áætluð dagsetning:** \_\_\_\_\_

**Nafn nýliða:** \_\_\_\_\_  
**Nafn stjórnanda:** \_\_\_\_\_

**Sjálfsmat nýliða** Dagsetning: \_\_\_\_\_

Nýliði fyllir út sjálfsmatíð í einrúmi og afhendir stjórnendum.

Já	nei	
		Ég er stundvís
		Ég virði þagnarheit og trúnað
		Ég er ábyrg/ur í starfi?
		Ég hef kynnt mér skipulag deildarinnar og fylgi því
		Ég leita eftir upplýsingum og sýni eftirtekt
		Ég sýni frumkvæði í starfi og fær tækifæri til þess
		Ég er virk/ur í starfi og sinni daglegum störfum
		Mér gengur vel að sinna skipulögðu starfi
		Mér gengur vel að sinna borðhaldi með börnunum
		Mér gengur vel að fylgjast með og leiðbeina í frjálsa leiknum
		Mér gengur vel að vanda málfar mitt við alla aðila
		Ég sýni börnunum áhuga og virðingu
		Ég tek leiðbeiningum og leiðsögn
		Ég hef kynnt mig fyrir börnum, starfsfólki og foreldrum
		Ég hef kynnt mér námskrá leikskólans
		Ég hef kynnt mér stefnu leikskólans
		Ég hef kynnt mér öryggisreglur leikskólans
		Ég hef kynnt mér ofnæmi barnanna
		Ég hef kynnt mér viðbrögð við slysum

**Undirskrift nýliða** **Undirskrift stjórnanda:**

**Mat deildarstjóra á nýliða**

**Ábyrgðaraðilar:** Deildarstjóri og stjórnendur leikskólans  
**Fer fram:** Eftir sex vikur í starfi  
**Áætluð dagsetning:** \_\_\_\_\_

**Nafn nýliða:** \_\_\_\_\_  
**Nafn deildarstjóra:** \_\_\_\_\_

**Mat deildarstjóra á nýliða** Dagsetning: \_\_\_\_\_

Deildarstjóri fyllir út mat á nýliða og afhendir stjórnendum. Stjórnendur halda matsblöðunum eftir hjá sér. Í fjórða samtali er farið yfir niðurstöður matsins

Já	nei	Nýliði:
		Er stundvís
		Virðir þagnarheit og trúnað
		Er ábyrgur í starfi
		Hefur kynnt sér skipulag deildarinnar og fylgir því
		Leitar eftir upplýsingum og sýnir eftirtekt
		Sýnir frumkvæði í starfi og fær tækifæri til þess
		Er virkur í starfi og sinnir daglegum störfum
		Gengur vel að sinna skipulögðu starfi
		Gengur vel að sinna borðhaldi með börnunum
		Gengur vel að fylgjast með og leiðbeina í frjálsa leiknum
		Vandar málfar sitt við alla aðila
		Sýnir börnunum áhuga og virðingu
		Tekur leiðbeiningum og leiðsögn
		Hefur verið kynntur fyrir foreldrum deildarinnar
		<b>Ég hef upplýst nýliðann um:</b>
		Námskrá leikskólans
		Stefnu leikskólans
		Öryggisreglur leikskólans
		Börn með ofnæmi
		Rýmingaráætlun leikskólans
		Viðbrögð við slysum

**Undirskrift nýliða** **Undirskrift stjórnanda:**



## 10.4 Fylgiskjal – Lýsi með morgunmat

Add Logo

### Lýsi með morgunmat

Add Question

Validation Logic Settings

Tekur barnið þitt lýsi?

Já

Nei

+

Add Question Page Break Separator

Ef já, þá hvar?

Heima

Í leikskólanum

Add Question Page Break Separator

Hvort viltu að barnið fái lýsi heima eða í leikskólanum?

Heima

Í leikskólanum

Add Question Page Break Separator

Edit Footer Thank You Page





